

Föstudaginn 24. september 1954.

Nr. 44/1951. **Friðbert Friðbertsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Halldóri Halldórssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Meginhluti kröfu stefnanda í héraði er um meistaralaun honum til handa. Áfrýjandi hafði uppi þær varnir, að stefndi ætti ekki rétt til launa þessara vegna galla á steypuvinnu við hús áfrýjanda, sem stefndi beri ábyrgð á. Að svo vöxnu máli hefði héraðsdómari átt að kveðja sérkunnáttumenn um húsa-gerð til að dæma málið með sér, sbr. 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936. Þetta hefur héraðsdómari látið undir höfuð leggja, og ber því að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferð frá 6. júní 1950 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Þar sem áfrýjandi lét ekki sækja dómþing í málinu, eftir að hann hafði lagt fram ófullkomna greinargerð af sinni hálfu, verður honum dæmt að greiða stefnda, sem krafizt hefur málskostnaðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600,00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá 6. júní 1950 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Áfrýjandi, Friðbert Friðbertsson, greiði stefnda, Halldóri Halldórssyni, kr. 600,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júlí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Halldór Halldórsson múrarameistari höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 15. maí sl., gegn Friðbert Friðbertssyni, Langholtsvegi 19 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2.105,32, með 6% ársvöxtum frá

stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt málskostnaðar sér til handa og jafnframt mótmælt kröfu stefnanda sem of hárrí.

Krafa stefnanda er vegna eftirlits við byggingu húss stefnda, nr. 19 við Langholtsveg hér í bæ.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að hann telur steypuvinnu á húsinu gallaða og að stefnandi beri ábyrgð á þeim galla. Gegn andmælum stefnanda hefur hann hins vegar engin rök fært fram fyrir þessari staðhæfingu sinni, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 500,00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Friðbert Friðbertsson, greiði stefnanda, Halldóri Halldórssyni, kr. 2.105,32 með 6% ársvöxtum frá 15. maí 1950 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. september 1954.

Nr. 188/1952. **Stefán Valgeirsson** (Magnús Thorlacius)
gegn

Brandi Brynjólfssyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna vanrækslu við miðlarastarfsemi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1952 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Er það aðalkrafa hans, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 23.968,59 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 29.250,00 frá 3. maí 1947 til 7. maí 1951 og af kr. 23.968,59 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar eftir mati Hæstaréttar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda eftir mati dómsins.